

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
þriðjudaginn 23. maí 2023 kl. 17:00**

Mættir: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, varaformaður, Jón Baldvin Hannesson, ritari, Sigríður Stefánsdóttir, Konráð K. Baldvinsson, Kristjana Valgeirsdóttir, Karen Malmquist, Eva Hrund Einarsdóttir.
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

1. Ósk um samstarf við vinnuhóp um framtíðarfyrirkomulag Rauða krossins á Ísland

Formaður og framkvæmdastjóri Rauða krossins hafa ákveðið að skipa vinnuhóp um framtíðarskipulag Rauða krossins á Íslandi, með það að markmiði að skýra og styrkja starf félagsins. Vinnuhópur um framtíðarskipulag Rauða krossins á Íslandi óskar eftir samstarfi við ykkur. Hópnunum er ætlað að skoða leiðir til að efla og styrkja starfið og á að hafa víðtækt samráð. Við teljum deildir og sjálfboðaliða um land allt mjög mikilvæg í því samstarfi. Sigríður, sem stýrir hópnunum, gerði grein fyrir markmiðum, starfsáætlun og vætningum til hópsins. Stefnt er að meiri formfestu en áður í öllu starfi. Deildir hér á landi eru 29. Hópurinn mun hafa samband við allar deildir, ýmist fara til þeirra, halda Teams-fundi eða tengjast með öðrum hætti. Byrjað verður á því leita að styrkleikum og veikleikum og skoðunum á framtíðarvinnu og skipulagi. Stjórn Eyjafjarðardeildar er tilbúin til þátttöku og býður sig fram til frekari þátttöku og samráðs.

2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2023

Það stóð til að fara yfir þriggja mánaða uppgjör deildarinnar á þessum fundi en það hefur ekki borist. Ingibjörg gerði fundarmönnum grein fyrir þeim tölum sem hefur orðið á afhendingu þess frá aðalskrifstofu. Stjórnin óskar eftir við framkvæmdastjóra að milliuppgjör berist fyrir til að auðvelda vinnu við áætlanir og rekstur. Þá gerir stjórnin athugasemdir varðandi námskeiðahald, skyndihjálparnámskeið, og bendir á að endurskoða þurfi tekjuhliðina í kjölfar hækkunar launa.

3. Þarfagreining á Eyjafjarðarsvæðinu og stefnumörkun

Umræðum um þessi mál var frestað en verður haldið áfram á næsta stjórnarfundum frá því sem frá var horfið á stjórnarfundum 8. nóv. 2022. Afgreiðslu frestað vegna fámennis.

4. Starfmannamál

Deildarstjóri gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála.

5. Önnur mál

Kristín Björk gerði grein fyrir starfi Velferðarstjóðs Eyjafjarðar. Kristín er aðalmaður frá Rauða krossinum og Sigríður er varamaður hennar.

Fundi slitið kl. 19:15

Þorsteinn K. Björnsson
Eva Hrund Einarsdóttir
Karen Malmquist
Sigríður Stefánsdóttir

Kristjana V. Valbj.
Jón Baldvinsson
Kristín Björk Gunnarsdóttir
Kristín Björk Gunnarsdóttir